



# Íslenska í ólgusjó:

## Áhrif samfélags- og tæknibreytinga á tungumálið

Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir  
Háskóla Íslands





# Yfirlit

- Hefðbundin sýn á stöðu íslenskunnar í samfélaginu
  - lífvænleiki málsins miðað við mælikvarða UNESCO
- Samfélags- og tæknibreytingar á Íslandi undanfarinn áratug
  - hugsanleg áhrif þeirra á íslenskuna
- „Stafrænn tungumáladauði“ (e. *digital language death*)
  - bíður slíkur dauði íslenskunnar – og leiðir hann til dauða í raunheiminum?
- Ný rannsókn á stöðu íslensku og ensku í íslensku málsamfélagi
  - dæmi tekin um fyrstu bráðabirgðaniðurstöður



# Staða íslensku í samfélaginu

- Íslenska er – eða hefur verið – notuð á öllum sviðum samfélagsins:
  - í stjórnkerfinu
  - í menntakerfinu
  - í verslun og viðskiptum
  - í fjölmiðlum
  - í menningarlífinu
  - í daglegum samskiptum fólks
  - á netinu
- Stendur hún þá ekki mjög sterkt?





# Mælikvarði UNESCO á lífvænleik mála

## Mælistikur

1. Flutningur máls milli kynslóða
2. Fjöldi málhafa
3. Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda
4. Umdæmi eða svið sem málið er notað í
5. Viðbrögð máls við nýjum sviðum og miðlum
6. Fræðslu- og kennsluefni í máli og læsi

## Viðmið til að komast í efsta þrep

1. Málið er notað af öllum aldurshópum
2. Engin mörk en því meiri fjöldi því betra
3. Allir í samfélaginu nota málið
4. Málið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa
5. Málið er notað á öllum nýjum sviðum
6. Málið á stafsetningu, rithefð, texta, orðabækur, bókmenntir, fjölmiðla





# Samfélagsbreytingar og tæknibreytingar

- Breytingar síðustu 5-8 ára auka álag á íslenskuna:
  - ferðamannastraumurinn
  - fjölgun fólks með annað móðurmál
  - aukið háskólastarf á ensku
  - alþjóðavæðingin
  - snjalltækjabyltingin
  - gagnvirkir tölvuleikir
  - YouTube- og Netflix-væðingin
  - talstýring tækja





# Ferns konar hugsanlegar afleiðingar

- Áhrif frá ensku aukast
  - í orðaforða, setningagerð, beygingum, framburði ...
- Íslenskt ílag minnkar
  - börn á máltökuskeiði heyra minni íslensku – e.t.v. minni en þau þurfa
- Notkunarsvið íslensku skerðist
  - í ferðapjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum ...
- Virðing fyrir tungumálinu minnkar
  - það fer að þykja hamlandi og hallærislegt vegna minna notagildis



# Aðstæður andstæðari en nokkru sinni

- Meira og víðtækara áreiti
  - enskan í málumhverfinu er mun meiri en erlent mál hefur verið áður
  - og á fleiri sviðum
- Yngri viðtakendur
  - enskt málareiti nær til yngri barna en áður
  - bæði gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf
- Gagnvirkni
  - enskunotkun barna og unglunga er mun gagnvirkari en áður
  - ekki bundin við einhliða miðlun





# Stafrænn tungumáladauði

- András Kornai, *Digital Language Death*, 2013:
  - Digital ascent is the [...] process whereby a language increasingly acquires digital functions and prestige as its speakers increasingly acquire digital skills
  - [T]he vast majority (over 95%) of languages have already lost the capacity to ascend digitally
- Könnun evrópuverkefnisins META-NET á stöðu 30 evrópumála 2012
  - 2/3 málanna (21 af 30) halda ekki í við öra þróun samskipta- og tölvutækni
  - eiga á hættu stafrænan dauða (e. *digital death*)





# Þrjú dauðamerki tungumála

- [...] three clear signs of imminent death observable well in advance:
  - *loss of function*, seen whenever other languages take over entire functional areas such as commerce
  - *loss of prestige*, especially clearly reflected in the attitudes of the younger generation
  - *loss of competence*, manifested by the emergence of ‘semi-speakers’ who still understand the older generation, but adopt a drastically simplified (reanalyzed) version of the grammar
- Getur tungumál lifað áfram í raunheiminum eftir stafrænan dauða?





# Rannsókn á sambýli íslensku og ensku

- *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*
  - (**Modeling the linguistic consequences of digital language contact**, [MoLiCoDiLaCo](#))
- Þriggja ára öndvegisstyrkur Rannsóknasjóðs
  - 1. júlí 2016 – 30. júní 2019, 117,5 milljónir króna
- Verkefnisstjórar:
  - Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson
  - prófessorar í íslensku við Háskóla Íslands





# Atriði sem könnuð eru

- Magn íslensku og ensku í umhverfinu
  - hlutfall tíma sem fólk ver í hlustun/tal/lestur/skrift á hvoru máli
- Kunnátta í íslensku og ensku
  - t.d. hvaða orðaforða málnotendur hafa í hvoru máli
- Áhrif ensku á íslensku og öfugt
  - hvar og hvernig koma slík áhrif fram?
- Viðhorf til íslensku og ensku
  - hversu mikilvægt er að vera góður í íslensku/ensku?





# Rannsóknaraðferðir

- Rannsóknin skiptist í nokkra hluta
  - 5.000 manna netkönnun (valið úrtak), 400 djúpviðtöl, stór opin netkönnun
- Fyrri hluti netkönnunar sendur út í júlí 2017
  - til 3.500 manns á aldrinum 13 ára og upp úr – lokið, svarhlutfall um 46,5%
- Seinni hluti netkönnunar sendur út í nóvember 2017
  - til 1.500 barna á aldrinum 3-12 ára – enn opin, svarhlutfall nú um 36%
- Úrvinnsla úr netkönnun er hafin og hér verða sýnd fáein dæmi
  - um fyrstu bráðabirgðaniðurstöður úr könnun 13 ára og eldri




# Að hugsa á ensku og tala ensku






# Að vera góður í íslensku/ensku





# Tungumál tækja og raddstýringar





Takk fyrir áheyrnina!  
[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)

